

Mál nr. 2

Knattspyrnudeild F.H. gegn Knattspyrnudeild Stjörnunna.

Kæra knattspyrnudeildar F.H.

Með bréfi þessu leggur knattspyrnudeild FH fram kæru vegna leiksins Stjarnan-FH í Íslandsmóti 2.fl. karla er fram fór á Hofstaðavelli í Garðabæ þann 5.júní 1997.

Ástæða kærunnar er að reglum KSÍ um dómgæslu var ekki fullnægt í umræddum leik þar sem einungis voru til staðar dómari og einn aðstoðardómari. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót grein 3,5, dómgæsla, lið 6 segir "Hafi dómari eða aðstoðardómarar með tilskilin réttindi ekki mætt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast, skal leik frestað og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs, enda hafi verið boðað til leiksins með minnst 48 klst. fyrirvara. Þessi regla á því aðeins við um þau tilvik þegar heimalið ber ábyrgð á mætingu dómara og aðstoðardómara samanber sömu reglugerð grein 3,5, lið 3. " Þannig háttaði í umræddum leik að þjálfari FH var ekki kynnt sú staða mála fyrir leikinn að einungis annar aðstoðardómari væri til staðar og þar eð hann var seinn út á völlum eftir að hafa rætt við sína menn áður en leikur hófst var hann ekki var við það fyrir en u.þ.b. 20 mínútur voru liðnar af leiknum. Í leikhléi hafði þjálfari tal af dómara leiksins og benti honum á að framkvæmd leiksins væri ekki samkvæmt reglum KSÍ og var það ítrekað í leikslok.

Það er hægt að leiða rök að því að atvik er varð til þess að vítaspyrni var dæmd á leikmann FH og honum síðan ranglega vikið af velli þegar staðan var 1-0 FH í vil hefði mjög líklega ekki gerst ef aðstoðardómari hefði verið til staðar, en eins og gefur að skilja olli þetta þáttaskilum í leiknum. Þá verður ekki hjá því komist að gera alvarlegar athugasemdir við þátt þess aðstoðardómara er mætti til leiksins, þannig skorðu Stjörnumenn 2 mörk þar sem leikmenn þeirra voru svo metrum skipti fyrir innan varnarlínu FH algjörlega kolrangstæðir. Þjálfari FH hefur víða farið með liði, bæði sem leikmaður og þjálfari og ekki lagt það í vana sinn að gera athugasemdir við störf dómara enda verið dómari sjálfur, en hér er um svo alvarlegt mál að ræða að ekki er hægt með nokkru móti að láta kyrrt liggja, slíkt væri einungis íþróttinni til vansa. Það verður að vera hægt að gera þær kröfur til þeirra sem settir eru sem aðstoðardómarar, í leik sem þeim hér um ræðir, að þeir hafi góða þekkingu á þeim reglum er gilda í knattspyrnu en því miður var því ekki fyrir að fara í þessu tilviki.

Knattspyrnudeild FH fer fram á að leikurinn verði dæmdur ógildur og leikinn aftur á heimavelli FH samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót grein 3, 5, 6 lið.

Virðingarfyllst, fyrir hönd KDFH
Lúðvík Arnarson framkvæmdarstjóri.

Úrskurður Knattspyrnudómstóls Reykjaness.

Ár 1997, þriðjudagur 1. júlí kom Knattspyrnudómstóll Reykjaness saman í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal kl. 12.35

Tekið var fyrir mál nr. 1/97

F.H. knattspyrnudeild

gegn

Umf. Stjörnunni knattspyrnudeild.

Með vísan til 7, gr. 11 t.l. í dómar og refsiaðkvæði fyrir Í.S.Í, þar sem kveðið er á um að mál skuli felld niður ef kærandi eða umboðsmaður hans sækir ekki þing við þingfestingu máls og að hann sæti viðurlögum fyrir brot á 2.gr. 2a og 2c samanb. 8. gr. er málið hér með felld niður.

Dómsorð

Mál þetta er felld niður vegna útvistar kæranda.
Kærandi er áminntur fyrir málatilbúnað þennan.

Dómþingi slitið kl. 13.00

Haukur Frímannsson
Kári Gunnlaugsson
Gunnar E Vilbergsson